

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Áb.: 58
01. OKT. 2012
Tilv.: MMR 12010227
Db.: 6.14.3

27. september 2012

Mennta og menningarmálaráðuneytið
Stefán Baldursson
skrifstofustjóri

Sölvhólsögötu 4
150 Reykjavík

Efni: Niðurstöður úttektar bréf MMR 12010227/6.14.3 frá 14/08/2012.


Tækniskólinn hefur yfirfarið skýrslu úttektarmanna um niðurstöðu úttektar á framkvæmd þjónustusamnings frá 2008 og skólasamnings frá 2010 sem ráðuneytið sendi skólanum með framangreindu bréfi.

Tækniskólinn fagnar því að úttektin fór fram og telur að slíkar úttektir séu nauðsynlegar og margt af þeim að læra ekki bara af niðurstöðum og tillögum úttektaraðila um aðgerðir heldur af skýrslunni allri.

Tækniskólinn hefur kynnt efni skýrslunnar fyrir starfsfólki sínu og hefur efni hennar verið rætt á stjórnarfundum og umbótaáætlun lögð fyrir skólanefndarfund 27/09/2012. Tækniskólinn mun jafnframt birta skýrsluna á heimasíðu sinni ásamt áætlun skólans til úrbóta

Meðfylgjandi er umbótaáætlun Tækniskólans samkvæmt beiðni ráðuneytisins sem skólinn gerir síðan ráð fyrir að verði til umfjöllunar á skólasamningafundum með ráðuneytinu

Vinóingarfyllst,



Jón B. Stefánsson
Skólameistari



Baldur Gíslason
Skólameistari

Minnisblað

26/09/2012

Áætlun Tækniskólans um úrbætur í kjölfar úttektar MMR vor 2012.

Eftirfarandi er tímasett áætlun Tækniskólans um framkvæmt úrbóta sem lagðar voru til af úttektaraðilum sem önnuðust úttekt á Tækniskólanum fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið vor 2012.

Gerð er grein fyrir hverju úrbótaratriði fyrir sig og með hvaða hætti Tækniskólinn hyggst standa að innleiðingu þeirra.

Aðgerð 1

Áætlun Tækniskólans um úrbætur	Ábyrgð	Stærðir	Lokid
Skerpt verði á stjórnskipunarlegri stöðu Margmiðlunarskólans innan Tækniskólans.			
Stjórnskipuleg staða Margmiðlunarskólans var undir Upplýsingatækniskólanum en um áramót 2011/2012 var skólinn settur beint undir skólameistara og ráðinn verkefnastjóri tímabundið til að annast daglegan rekstur.			
Frá haustönn 2012 hefur Margmiðlunarskólinn verið settur undir Tækniakademíu Tækniskólans og er skólastjóri hennar Áslaug Maack og hefur Margmiðlunarskólinn því verið staðsettur í skipuriti Tækniskólans í samræmi við það.	BG/JBS	52/2012	15/09/2012

Aðgerð 2

Áætlun Tækniskólans um úrbætur	Ábyrgð	Stærðir	Lokid
Stjórnskipan Tækniskólans verði endurskoðuð með það að markmiði að þetta tengsl milli yfirstjórnar og starfsmanna og auðvelda þeim að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stefnumótun og ákvarðanatöku. Á skipuriti þarf að koma fram sundurgreining stoðþjónustu og staða hennar innan skólans.			
Unnið verði að því að skoða með hvaða hætti mögulegt er að þetta tengslin og setja upp kerfi til að auðvelda starfsmönnum að koma skoðunum sínum á framfæri við stefnumótun og ákvarðanatöku. Horft verði til starfsmannafunda, viðhorfskannana og innra mats við þessa vinnu.	BG/JBS	25/2013	
Sundurgreining stoðþjónustu hefur verið sett inn í skipurit skólans.	BG/JBS	39/2012	26/09/2012

Aðgerð 3

Fulltrúum nemenda, kosnum af Nemendasambandi Tækniskólans, verði tryggður réttur til setu á fundum rekstrarráðs og gæðaráðs með málfrelsi og tillögurétti.

	Máttöl	Verktak vika	Lokið
<p>Rekstrarráð er vettvangur æðstu stjórnenda Tækniskólans til að fjalla um málefni skólans og eru rekstrarráðsfundir haldnir vikulega. Ekki kemur til greina að breyta samsetningu rekstrarráðs eða eðli þeirra funda. Mögulega hafa úttektaraðilar misskilið eðli rekstrarráðs. Vettvangur fulltrúa nemenda og kennara til aðkomu að stjórn skólans er annarsvegar skólaráð og hinsvegar skólanefndarfundir og sitja fulltrúar beggja þá fundi.</p>	BG/JBS	25/2012	26/09/2012

Aðgerð 4

Aðgerð til fyrri samþykkingar tilkoma skólanna.

Skilgreina þarf nánar fjárhagslegt sjálfstæði hvorrar einingar skólans og fjárhagslega ábyrgð stjórnanda. Þess sé jafnframt gætt að starfsmenn hvorrar einingar séu reglulega upplýstir af hálfu stjórnanda um rekstrarstöðu hennar.

Stjórn Tækniskólans um fjárhagsleg	Ábyrgð	Verktak vika	Lokið
<p>Hafin var vinna við skilgreiningu og framkvæmd fjárhagslegs sjálfstæðis hvers skóla á árinu 2008 m.a. með beinni vinnu stjórnenda við gerð fjárhagsáætlunar. Í framhaldi fjárhagskreppunnar var þessu vinnulagi breytt þannig að aðkoma skólastjóra varð með öðrum hætti en til hafði staðið en þó höfðu skólastjórna fjárhagslega ábyrgð sinni eininga hvað varðar starfsmannakostnað og innkaup sem samanlagt veiga um 90% af rekstrarkostnaði hvers skóla.</p> <p>Horfið verði aftur til fyrra horfs og fjárhagslegt sjálfstæði skólanna verður skilgreint og þá með hvaða hætti og hvaða vinnulagi þeir komi að gerð rekstrar og fjárhagsáætlunar.</p>	BJ/JBS/BG	52/2012	

Aðgerð 5

Gerð verði áætlun um efiingu stoðþjónustu eftir nokkurt sverti vegna niðurskurðar. Einkum verði horft til þess að efla kennslufræðilega ráðgjöf við kennara og námsráðgjöf.

Settur verði á stofn vinnuhópur innan skólans er meti stoðþjónustuna og með hvaða hætti henni verði best fyrirkomid með tilliti til þjónustu við nemendur og kennara og síðan kostnaðar. Vinnuhópurinn skili tillögum um aðgerðir sem síðan verði metnar með tilliti til fjárhagslegrar getu skólans.

BG/JBS

52/2012

Aðgerð 6

Stuðlað verði að því að hver undirskóli vinni að sjálfstæðu innra mati og umbótaáætlun í ljósi markmiða aðalnámskrár og eigin skólanámskrár. Matið verði um leið hluti af heildstæðu sjálfsmati Tækniskólans. Slíkt mat mun auka faglegt starf og metnað innan skólans.

Tækniskólinn þarf að breyta nálgun sinni á framkvæmd og skýrslugerð vegna innra mats en fram til þessa hefur innra matið að miklu leyti byggst á gæðakerfi skólans og úttektum utanaðkomandi aðila á því.

Settur verði á laggimar stýrihópur er hafi það hlutverk að þróa gerð innra mats í skólanum í heild og vinni síðan með hverjum skóla að framkvæmd og fyrirkomulagi þannig að skýrsla skólans um innra mat verði samstæð.

Innra mati verði komið af stað innan skólans í breyttu formi haust 2012.

Breyting á innra mati samkvæmt tillögum stýrihóps verði komið til framkvæmda haust 2013

BG/JBS

46/2012

BG/JBS/
stýrihópur

37/2013

Aðgerð 7

Aðgerð 7 er ákveðin samkvæmt Breytingu á Stjórnarskiðum			
Niðurstöður innra mats skólans verði gerðar aðgengilegar innan skóla og utan.			
Aðflun Tækniskólans um Ábyrgð			
Niðurstöður innra mats Tækniskólans verði gerðar aðgengilegar á heimsíðu skólans.	BG/JBS	46/2012	
Aðflun Tækniskólans um Loknið			

Aðgerð 8

Aðgerð 8 er ákveðin samkvæmt Breytingu á Stjórnarskiðum			
Heildstæðar aðgerða- og umbótaáætlanir verði gerðar í ljósi niðurstaðna úr innra mati.			
Aðflun Tækniskólans um Ábyrgð			
Aðgerðar og umbótaáætlanir í ljósi niðurstöðu úr innra mati verða hluti þeirrar vinnu sem unnin verður samkvæmt athugasemd um heildarmat skólanna og þess stýrihóps sem stýrir því verkefni og teljast úrbætur þessa liða því hluti þeirrar vinnu.			
Aðflun Tækniskólans um Loknið			

Aðgerð 9

Aðgerð 9 er ákveðin samkvæmt Breytingu á Stjórnarskiðum			
Mótuð verði starfsþróunarstefna Tækniskólans í ljósi umbótaáætlunar samfara innra mati.			
Aðflun Tækniskólans um Ábyrgð			
Þegar umbótaáætlun innra mats liggur fyrir verður tekin afstað til þess að setja starfsþróunarstefnu og hvort hún verður þá hluti niðurstöðunnar um innra mat eða verður unnin sjálfstæð í framhaldi þeirrar vinnu. Ef ákveðið verður að vinna það verkefni sem sjálfstætt verkefni verður skipaður vinnuhópur til að vinna að því markmiði.	BG/JBS	37/2013	
Aðflun Tækniskólans um Loknið			